

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun stefnu velferðarsviðs um velferðartækni

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Inngangur:

Fyrsta heildstæða stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022 var samþykkt í velferðarráði 12. febrúar og í borgarstjórn 6. mars 2018 ásamt aðgerðaáætlun sem yrði endurskoðuð í árslok 2018. Meðal aðgerða var að setja á fót velferðartæknismiðju, sem hóf starfsemi í maí 2018. Þann 20. febrúar 2019 var samþykkt í velferðarráði endurskoðuð og kostnaðarmetin aðgerðaáætlun.

Á þeim hart nær fjórum árum sem liðin eru frá því að stefnan um velferðartækni var samþykkt hefur orðið ör þróun á sviði velferðartækni og tímabært að huga að endurskoðun stefnunnar.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða fyrirbyggjandi stefnu um velferðartækni og móta nýja stefnu til fimm ára ásamt kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun til tveggja ára.

Verkefni:

1. Endurskoða og leggja fram nýja stefnu um velferðartækni til fimm ára.
2. Leggja mat á þann árangur sem hefur náðst í velferðartæknimálum sl. fjögur ár.
3. Leggja fram kostnaðarmetna aðgerðaáætlun til tveggja ára með skýrri forgangsöröðun.

Stýrihópurinn skipa:

Tveir fulltrúar frá meirihluta velferðarráðs

Einn fulltrúi frá minnihluta velferðarráðs

Tveir fulltrúar velferðarsviðs, þ.á.m. starfsmaður hópsins

Vinnutilhögun:

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun. Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við endurskoðunina, s.s. teymi árangurs og gæðamats og skrifstofu fjármála- og rekstrar.

Til ráðgjafar, samtarfs og samráðs:

Í starfi sínu skal hópinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og efna til samráðsfundar með helstu hagsmunaaðilum.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu 19. janúar - 31. mars 2022.

Reykjavík, xx desember 2021

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

DRÖG